



Reykjavík, 17. mars 2020

IE20020002

4.2.0

HS/KV

Borgarráð  
Ráðhús Reykjavíkur  
Tjarnargata 11  
101 Reykjavík

## Umsögn um tillögu um úttekt varðandi Grensásveg 12

### 1

Forsögu málsins má rekja til þess að á fundi borgarráðs hinn 7. september 2017 var samþykkt tillaga skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar, ásamt hjálögðu sölutilboði Leiguafis hf., um kaup á 24 íbúðum í byggingu að Grensásvegi 12. Íbúðirnar áttu að vera liður í aukningu á félagslegu húsnæði í Reykjavík. Kaupverð var 785 m.kr. og afhending skyldi vera 1. apríl 2018. Hún var síðar færð til 1. ágúst 2018 með viðauka við kaupsamning.

Síðar kom í ljós að íbúðirnar yrðu þó ekki tilbúnar fyrr en meira en ári á eftir áætlun. Þá ákvað Reykjavíkurborg, hinn 13. desember 2018, að rifta kaupsamningnum sökum afhendingardráttarins. Leiguafli höfðaði þá mál á hendur borginni og fór fram á greiðslu upp á 150 milljónir króna. Á móti gerði borgin kröfu um að kaupsamningsgreiðsla upp á 78,5 milljónir yrði endurgreidd.

Meðan málið var rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur áttu sáttaviðræður sér stað og voru gerð drög að samkomulagi. Samkvæmt því gaf Reykjavíkurborg eftir 43,5 milljónir króna. Samkomulagið var samþykkt að tillögu borgarstjóra í borgarráði í desember 2019.

### 2.

Þann 16. janúar 2020 lagði áheyrnarfulltrúi Miðflokksins fram tillögu í borgarráði um að Innri endurskoðun framkvæmdi úttekt á málinu. Af tilefni þeirrar tillögu hefur hún farið yfir gögn málsins og sérstaklega kynnt sér þær röksemdir og skýringar sem fram koma í bréfi borgarlögmanns til borgarráðs, dags. 25. nóvember 2019.

Með vísan til þeirra skýringa sem þar koma fram, og af rýni annarra gagna, verður ekki séð annað en að ákvörðun um riftunina hafi verið málefnaleg og á rökum reist. Þá bendir ekkert til þess að atvik riftunarmálsins séu ekki að fullu upplýst.



Á hinn bóginn rennir þetta mál enn styrkari stoðum undir að Innri endurskoðun geri athugun á samningsstjórnun hjá Reykjavíkurborg eftir að samningur er kominn á. Slíkt verkefni er þegar hafið á grundvelli innri endurskoðunaráætlunar 2020 og mun ná til allra sviða borgarinnar. Markmiðið með því er að stuðla að því að til verði úrræði eða verkfæri sem nýta megir við daglegt eftirlit með því að viðsemjendur borgarinnar efni gerða samninga.

Umrætt riftunarmál gefur tilefni til að taka til athugunar að skoða almennt aðdraganda að fasteignakaupum, meðal annars með áherslu á hversu vel eignarheimildir og efndahæfi viðsemjenda er skoðað hverju sinni. Mun undirritaður hafa það til hliðsjónar við gerð næstu innri endurskoðunaráætlunar.

3.

Með vísun til framangreinds er það niðurstaða Innri endurskoðunar að ekki sé ástæða til að hún rannsaki frekar riftunarmálið varðandi Grensásveg 12. Af tilefni þess máls verður á hinn bóginn leitað leiða til að skapa verkfæri sem gagnast má sem best við samningsgerð Reykjavíkurborgar til lengri tíma litið.

Virðingarfyllt,

Hallur Símonarson

innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar